



FIMMTUDAGUR 27. JÚNÍ 2019

Tíska



Hatturinn, sólgleraugun, hvítu sokkarnir og hanskin. Allt eru þetta tískutákn sem poppkóngurinn sjálfur Michael Jackson gerði ódauðleg. Tíu ár voru í vikunni líðin síðan Jackson lést. ➔8

Markaðurinn er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífð.



Fegurðin er kvöl

Gréta Karen Jónsdóttir er 22 ára nemi í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri. Hún er forfallinn pelsasafnari og hefur orðið sek um æpandi tískuslys en segir stílinn endurspegla vellíðan og sjálfsöryggi. ➔2





Kjöll úr 17, jakki úr Lindex og skór úr Air. Svartur blazerjakki úr Mango, Levi's-buxur og taska frá Michael Kors.



Pelsinn keypti Gréta skósiðan í Gyllta kettinum en lét stytta hann. Buxurnar eru frá 66°N, skórnir frá Dr. Martens og svarta hettupeysan úr H&M.

Sale
STARTS NOW

comma,
SMÁRALIND

Framhald af forsiðu →

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég hef verið upptekin af tisku og hverju ég klæðist frá því ég man eftir mér. Fyrsta minningin er ljóslifandi frá Birgittu Haukdal-tímabilinu árið 2003 þegar bolur með einni ermi og hliðartagl var málið ef maður vildi vera hvað flottastur," segir Gréta Karen Jónsdóttir sem fer nú í pels þegar hún vill bera af.

„Mamma segir stundum í gríni „Beauty is pain“ eða „fegurðin er kvöl“, hennar helsta tiskuheilræði. Ég reyni alltaf að klæðast því sem mér líður vel í og reyni að pæla ekki í því hvað öðrum finnst," segir Gréta, sem klæðist oftast þægilegum íþróttafötum.

„Ég hef í raun ekki afgerandi stíl; ég reyni bara að klæðast því sem mér finnst flott, en ég vil að fatastíllinn endurspegli sjálförýggi og þá staðreynd að mér líður vel í eigin skinni.“

Í búðir með Monicu Rose

Þegar kemur að fatakaupum fellur Gréta Karen oftast fyrir pelsum, drögtum og skóm.

„Ég er veik fyrir pelsum og elska að kaupa mér nýjan pels eða lodjakka," segir Gréta sem á sjö pelsa í fataskápnum.

„Svo get ég síst verið án þess að eiga flotta skó þegar kemur að tisku og keypti mér síðast æðislega Nike Air Force-skó. Þá finnst mér svarti liturinn fara mér einna

best en rauður kemur líka sterkur inn og rauður varalitur er það sem setur punktinn yfir i-íð þegar ég hef mig til," segir Gréta.

Upp á síðkastið hefur hlébarðamunstur verið í upphaldi hjá Grétu Karen og á hún bæði kjól, buxur og peysu með því dýrlega munstri.

„En ef það ætti að banna eitt-hvað að eilífu innan tiskubransans væru það Crocs-skór og húðlitaðar sokkabuxur. Sjálf hef ég gerst sek um vöðalegt tiskuslys en það var þegar ég gekk um í æpandi diskóbuxum. Þær urðu að einhverju æði þegar ég var unglíngur og mér fannst algjörlega málið á þeim tíma að eignast slíkar buxur en þegar ég hugsu til baka skil ég ekki af hverju ég var að missa mig yfir þeim," segir hún hlæjandi.

Tiskufyrirmyndir Grétu eru margar og úr ólíkum áttum.

„Ég fylgist mikið með Fanneyju Ingvars, Svölu Björgvins, Elisabetu Gunnars, Monicu Rose, Valentínu Steinhart og fleiri góðum, og ef ég gæti valið mér fræga tiskudrós til að fara með í tuskubúðir væri ég til í að fara með Monicu Rose. Mér finnst hún afar flottur stílisti.“

Mamma segir alltaf satt

Gréta Karen notar ilminn Bright Crystal frá Versace og segir að sér líði best þegar hún er ánægð

með það sem hún klæðir sig í.

„Í gegnum tíðina hef ég litið gengið með skartgripi en ég fékk nýlega tvö hálsmen í afmælisgjöf frá vinkonum mínum og held mikið upp á þau. Annað þeirra er með stjórnumerkinu mínu og hitt með stafnum mínum," segir Gréta sem á líka í förum sínum hjartfölgjó skart frá ömmu sinni.

„Ég held mikið upp á hring og hálsmen úr silfri sem amma gaf mér. Hringurinn er afar fagaður með litlum demanti í miðjunni og hálsmenið er silfurharta. Mér þykir undurvænt um þetta sett og finnst gott að bera og klæðast hlutum sem ég tengi við ástvini mína. Þannig fer ég stundum í gamalt, svart leðurpils af mömmu sem hún átti og skartaði þegar hún var um tvitugt," segir Gréta.

Hún veit upp á á hárl til hvers hún leitar þegar hún þarf að leita állits eða spyrja hvort hún sé fin.

„Þá leita ég oftast til hennar mömmu. Hún veit hvað hún syngur og segir mér alltaf satt.“

Framtíðarmarkmiðin eru skýr hjá Grétu Karen.

„Ég ætla að vera dugleg að vinna, klára háskólanámið í lögreglufræðum og kaupa mér íbúð. Ég stefni á að vinna sem lögregla í framtíðinni en líka að mennta mig meira og er mikið að pæla í sálfræði.“

ÚTSALAN ER HAFIN!

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Tímalaus hönnun hjá COS

Tískuverslunin COS var opnuð í miðbæ Reykjavíkur fyrr í mánuðinum. Áhersla er lögð á nútímalega hönnun þar sem horft er til listarinnar og náttúrunnar.

Ásta Eir
Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Karina Gustafson hefur starfað hjá COS frá upphafi verslunarinnar. Hún útskrifaðist úr The Royal College of Art í London, þá 26 ára gömul, og hóf í kjölfarið störf hjá COS. Hún er hluti af hönnunarteyminu og starfar sem listrænn stjórnandi. Karina svarar hér spurningum blaðamanns.

Hver er hugmyndafræðin á bak við COS?

Alveg frá því að COS opnaði hefur karakter verslunarinnar verið stöðugur, þar sem boðið er upp á nútímalega, áþreifanlega, tímalausa og hagnýta hönnun. Við höldum fast í okkar hugmyndafræðilegu stöðir í stað þess að fylgja tískustraumum.

Hvaðan kemur innblásturinn í fatalínurnar?

Við fáum innblástur frá arkitektúr, hönnun, list og náttúrunni. Við erum stöðugt að leita að hugmyndum frá hröðum heiminum í kringum okkur þar sem við sækjum listasöfn, sýningar og skoðum fallegar byggingar. Þegar teymið hefur sankað að sér innblæstri og hugmyndum þá förum við yfir það í sameiningu og myndast fara að myndast fyrir komandi línur. Í kjölfarið hefst svo hönnunarferlið.



Mildir tónar og einfaldar litapallettur einkenna flestar flikur frá COS.



Karina Gustafson hefur tekið þátt í uppbyggingu COS alveg frá upphafi.

Hvert er mikilvægi hönnunar inni í verslunum COS?

Þegar við hönnum útlit verslana okkar finnst okkur mikilvægt að viðskiptavinum líði eins og þeir séu velkomnir. Við trúum því að hönnunin sé jafn mikilvæg og tiskan. Þessir tveir þættir eru gríðarlega samtvinnuðir. Nýja rýmið í Reykjavík fylgir meginhugmyndafræði okkar til hins ýtrasta, til að mynda með gólfsíðu gluggunum.

Hver er meiningin á bak við mottóið „made to last beyond the season“?

Kúnnahópur okkar er frekar fólk sem leitar eftir tímalausum klæðnaði frekar en að fylgja einhverjum tískustraumum. Þetta þýðir að viðskiptavinirnir geta klæðst okkar flíkkum ár eftir ár og þá kannski í mismunandi útfærslum. Við förum vandlega í hvert skref hönnunarferlisins, allt frá vali á efni til tæknilegrar þróunar í vöruhúsinu okkar í London.

Hver ykkar stærsti kúnnahópur?

Við skoðum ekki viðskiptavinum eftir aldri eða hvar þeir búa heldur frekar hugarfari og menningarlegum viðhorfum. Fólk með svipuð áhugamál en samt sem áður persónulegan stíl og mismunandi viðhorf varðandi tísku.

Við erum stöðugt að leita að hugmyndum frá hröðum heiminum í kringum okkur þar sem við sækjum listasöfn og skoðum fallegar byggingar.

Hvernig hefur gengið að fara í samstarf við listasöfn og aðra hönnuði?

Á síðastliðnum áratug höfum við fengið tækifæri til að vinna með skapandi fólki og stofnunum á spennandi stöðum eins og til dæmis í Milánó og New York. Við litum á þessi samstarfsverkefni sem tækifæri til að gefa þeim til baka sem veita okkur innblástur.

Eru einhverjir litir sem þið kjósið að nota fram yfir aðra?

Ég held að grunnur hvers fataskáps komi frá mildum tönun og einföldum litapallettum. Ef þú ert með þess háttar fataskáp, þá ættirðu að geta klæðst líkunum þínum á mismunandi vegu við mismunandi tilefni. Svo er að sjálf-sögðu alltaf hægt að bæta við fleiri litum, en það fer eftir því hvert tilefnið er.

Náðu mögnuðum árangri

Eftir örfá skipti í Weyergans-sogæðameðferð næst nánast yfirnáttúrulegur bati sem byggir á heilsuvegferð geimfara. Fólk hefur náð ótrúlegum árangri í bata eftir að hafa farið í meðferð.

Linda Gunnarsdóttir fór til Huldu á Heilsu- og fegrunarstofu Huldu út af miklum dæða í fótunum. „Heilsan er oft þannig að þú tekur rosalega



Hulda Ósk Eysteinsdóttir á Heilsu- & fegrunarstofu er sérmenntuð í meðferð Weyergans High Care-tækjanna frá Weyergans í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

mikið eftir því ef þú missir hana en þú tekur ekkert mikið eftir því þegar þú færð hana til baka.“ segir Linda. En svo var ekki eftir þessa meðferð. „Ég var með mikla gigt og ég var orðin rosalega slæm í mjöðminni, en eftir þessa sjö tíma hjá Huldu þá áttaði ég mig á því

að ég fann ekkert fyrir mjöðminni lengur og gat labbað upp stiga án þess að finna fyrir verkjum.“

Linda byrjaði að finna aðeins fyrir mjöðminni aftur fyrir nokkrum mánuðum. „Ég fór í einn tíma og varð strax skárri.“ Linda er gríðarlega ánægð með með-



Þóra fór í Vacumed-meðferðina vegna stífleika í fingrum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

ferðirnar og segir árangurinn vera ótrúlegan. „Þetta er algjört kraftaverkataka.“

Ótrúlegur munur

Steinunn Hallgrímsdóttir fer fögrum orðum um meðferðina hjá Huldu. „Ég er mjög slitin og slæm

í skrokknum og ég fann mikinn mun á mér. Ég fór í 10 skipti og ég varð öll liprari og leið bara almennt betur í líkamanum.“ Steinunn hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð eftir meðferðina. „Ég varð betri í bakinu og mjöðmunum og mér leið bara mun betur eftir þetta.“

Laus við allan stífleika

Þóra Guðnadóttir hefur lengi verið að glíma við stífleika í fingrum. „Ég fór í „vacum“ fyrir hendur og ég fann að stífleikinn í fingrunum snarlagaðist.“ Hún hefur einnig verið að eiga við bjúg í fótunum. „Ég fór í stígvélina hjá henni og bjúgurinn fór strax. Ég fann mikinn mun með hverjum tíma,“ segir Þóra. Hún fór 10 sinnum til hennar og var árangurinn mjög góður. „Ég lagaðist alveg í höndunum við þetta, svo er bara svo þægilegt að fara til Huldu,“ segir Þóra.

Heilsu- og fegrunarstofa Huldu er í Borgartúni 3. Sími 557 4575 og 772 4575. hfhulda@gmail.com.

SHIMANO®

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

RolfPRIMA

TRI

TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN

FULCRUM

STAGES
CYCLING



CUBE FERÐAHJÓL

WWW.TRI.IS



CUBE STEREO



CUBE ATTAIN



CUBE AIM "27.5"

CUBE RAFMAGNSHJÓL



ParkTool

ParkTool

CUBE FJALLAHJÓL



TRI VERSLUN

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími: 571 8111 Netfang: info@tri.is



DT SWISS



DT SWISS

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verzlunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00



Kóngur poppsins og tískunnar

Hatturinn, sólgleraugin, hvítu sokkarnir og hanskin. Allt eru þetta tískutákn sem poppkóngurinn sjálfur Michael Jackson gerði ódauðleg. Tíu ár voru í vikunni liðin síðan Jackson lést en hann var ekki aðeins stórkostlegur tónlistarmaður heldur hugsaði hann mikið um tískuna.

Tískuvitund Michaels Jackson er vel þekkt en poppkóngurinn féll frá fyrir tíu árum. Trúlega þekkja allir rauða leðurjakkann sem Jackson birtist í í Thriller. Demantsskreyttu hanskin fylgdi í kjölfarið og svo birtist hann sem edaltoffari, skreyttur leðri og smellum þegar Bad kom út 1987. Þvílíkt lúkk.

Jackson birtist oft í kvenmannsjökkum sem Givenchy og Balmain hönnuðu. „Ef tískuheimurinn segir að eitthvað sé bannað þá geri ég það,“ skrifaði Jackson forðum daga í Moonwalk árið 1988.

Rushka Bergman starfaði sem persónulegur stilisti hans um tíma og kom honum í Tom Ford, Dior og gyllta og svarta jakkann sem Givenchy gerði.

„Hann var frumkvöðull í tísku og vildi eitthvað nýtt. Hann vildi helst líta út eins og enginn hafði

gert áður,“ sagði Bergman við Vogue í tilefni af sextugsafmæli hans.

Hún benti á að uppáhaldshönnuðir hans hefðu verið Hedi Slimane, Tom Ford, Christophe Decarnin sem starfaði fyrir Balmain, Riccardo Tisci hjá Givenchy og Kris Van Assche hjá Dior Homme. Enginn komst þó með tærnar þar sem John Galliano hafði hælana í huga Jacksons.

Dexter Wong og Ann Demeulemeester sáu um Scream-myndbandið sem Jackson gerði með systur sinni en þar birtust þau í fötum sem vöktu meira en litla athygli.

Í bókinni The King of Style: Dressing Michael Jackson sem Michael Bush skrifaði kom fram að Jackson elskaði breska hersögu en hermannajakkar urðu nánast hans lúkk undir það síðasta.

Michael Jackson

1958

29. ágúst er Michael Joseph Jackson í heiminn borinn.

1979

Off the Wall kemur út og selst í sjö milljónum eintaka.

1982

Thriller býður heiminum góðan dag og selst í 65 milljónum eintaka.

1983

Moonwalk-dansinn sést í sjónvarpi í fyrsta sinn.

1984

Stærsti samningur sem gerður hefur verið við Pepsi.

1987

Bad kemur í búðir og Neverland-búgarðurinn keyptur.

1988

Sjálfsævisagan Moonwalker dettur í búðarhillur.

1991

Skrifar undir 65 milljóna dala útgáfusamning við Sony.

1995

HIStory kemur út

2008

Jackson og AEG live tilkynna um 50 tónleika í O2 höllinni í London.

2009

25. júní lést Jackson á heimili sínu í Beverly Hills.



Rauði jakkinn úr Thriller er enn flottasti rauði jakki sem gerður hefur verið.



Superbowl-frammistaða hans árið 1993 er ekkert minna en góðsagnakennd. Ótrúleg í alla staði. Íklæddur svörtum jakka-fötum með gull-slegna borða.



Kóngurinn í gulli að syngja á sviði í Ástralíu 1996.



Hatturinn, jakkinn og hvítur rifinn bolur undir. Lúkk sem lifir góðu lífi.



ÚTSALAN

HAFIN HJÁ BÓEL

30%
afsláttur af öllu

Tækifæri að eignast einstaka hönnun frá RUNDHOLZ, MOYURU OG YAYA, skó frá LOFINA, handtöskur frá MANDARINA DUCK og ANTIPODES lífrænar snyrtivörur



Karlatískan á tískuvíkunni í París

Tískuvikan í París hófst síðasta sunnudag með pompi og prakt. Eins og venjulega eru hönnuðirnir sem sýna afurðir sínar á tískuvíkunni ekki af verri endanum.



FLOTTAR BUXUR, PILS.
LEGGINGS OG TREGGINGS

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verlunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Kvartbuxur

Verð 9.900 kr.

- 6 litir

- stærð: 34 - 52

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

Kíkið á myndir og verð á Facebook



Fyrirsæturnar á sýningarpallinum á sýningu Celine tiskuhússins. MYNDR/NORDICPHOTOS/GETTY

Það er óhætt að segja að París sé þekktasta tiskuborg í heimi og því er mikill heiður að fá að sýna hönnun sína á þessum stórvíðburði.

Celine tiskuhúsið sýndi karlatískuna 2020 á sunnudagskvöldið. Þetta er annað árið sem Hedi Slimane lokar sunnudagskvöldi tiskuvíkkunnar með sýningu á karlatískunni en hann tók við sem listrænn stjórnandi tiskuhússins í janúar í fyrra.

Slimane er þó enginn nýgræðingur þegar kemur að tisku fyrir karlmenn. Hann vann lengi fyrir Dior Homme og var þekktur fyrir einstaklega fallega sniðin jakkaföt.

Á sýningunni á sunnudaginn fór þó ekki mikið fyrir jakkafötum. Fötin þóttu minna á 8. áratuginn. Það var mikið um skyrtur hnepptar upp að bringu, þunna létta jakka og buxur sem náðu hátt upp í mittið.

En látum myndirnar tala sínu máli.



Celine tiskuhúsið hefur frá upphafi lagt áherslu á leðurfatnað.

Stuttir skrautlegir jakkar og dökk sógleraugu voru áberandi.



Íburðarmikil skikkjan með gylltum bryddingum vakti mikla athygli.



Hedi Slimane veifar gestum að lokinni sýningu.



Slimane blandar gjarnan saman leðurbuxum og hversdagslegum skyrtum.

Allt að

80%

afsláttur af útsöluvörum!

Skoðaðu úrvalið og pantaðu á
ZIKZAKVERSLUN.IS

ÚTSALAN HEFST Í DAG!

Ótrúleg útsöluverðing og frábært úrval

ZIKZAK
TÍSKUHÚS



BOLUR

990KR

ÁÐUR 2.990KR



HLÝRABOLUR

790KR

ÁÐUR 2.990KR



TÚNIKA

1.490KR

ÁÐUR 5.990KR



KJÓLL

990KR

ÁÐUR 5.990KR



BOLUR

990KR

ÁÐUR 4.990KR



KJÓLL

1.490KR

ÁÐUR 4.990KR



KJÓLL

1.990KR

ÁÐUR 4.990KR



KJÓLL

2.990KR

ÁÐUR 4.990KR



**NÝJAR
VÖRUR!**

KJÓLL
5.990KR
st. S-XXXL



KJÓLL
5.990KR
st. S-XXXL



KJÓLL
5.990KR
st. S-XXXL



KJÓLL
5.990KR
st. S-XXXL

Flakkar á milli áratuga síðustu aldar

Karitas M. Bjarkadóttir er 19 ára ljóðskáld og er hrifin af stíl 6.-8. áratugar 20. aldarinnar. Hún klæðir sig reglulega upp í búninga sem einkenna ákveðinn áratug, með vandaða förðun í stíl við fötin.

Sólrún
Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Hvetur alla til að lesa Ástu Sigurðardóttur

Vegna þess hve hrifin Karitas er af þessum áratugum segist hún lesa mikið af bókum sem voru gefnar út á þeim tíma. „Ég les til dæmis mikið eftir Ástu Sigurðardóttur sem veitir mér sterkan innblástur.“

Ásta var brautryðjandi fyrir kvenrithöfunda á sínum tíma. Karitas hvetur alla og þá sérstaklega ungar konur til að lesa sögur eftir hana. „Enda var hún frábær skáldkona. Hún var að tjá hluti sem eiga enn við í dag. Ég sæki mikið í hennar stíl. Ég held að áhugi minn á þessu tímabili hafi ómeðvitað áhrif á sköpun mína vegna þess hve

Karitas er með áberandi sérstæðan fatastíl sem hún segir að hafi byrjað að þróast þegar hún var 16 eða 17 ára gömul. Hún hefur alltaf verið mikið fyrir pils og kjóla en henni finnst gaman að leika sér með mismunandi tímabil 20. aldarinnar. Í upphaldi eru 7. og 8. áratugurinn. „Ég lit á þetta þannig að ég sé að klæða mig í búning þar sem allt þarf að ganga upp.“



SMART SUMARFÖT, FYRIR SMART KONUR

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

20% afsláttur
af regnkápum
Núna kr. 8.700.-
Str. S-XXL



4 litir
rautt
gult
mosagrænt
kremað

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Karitas segir að Twiggy veiti henn mikinn innblástur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Heimasaumuð
svunta við
gamlan kjól
varð fyrir valinu
á 19 ára af-
mælisdaginn.



Ég er mjög
hrifin af
þessum
stóru,
þungu
augum
sem eru
einkenn-
andi fyrir
60s.

mikið ég les af bókum frá þessum tíma.“

Innblásturinn að fatastilnum frá degi til dags kemur hvaðanæva en í upphaldi eru divurnar Twiggy og Brigitte Bardot. „Ég flakka samt mikið milli tímabila. Ég er til dæmis líka mjög hrifin af 50s kjólum. Ég er mest á miðri síðustu öldinni.“

Fyrir 19 ára afmælið sitt sem var á sjálfstæðisafmæli Íslendinga saumaði Karitas á sig svuntu við gamlan kjól sem hún átti, en hún stefnir á að lifa sjálfbærari lífsstíl. „Þetta var fyrsta saumaverkið mitt. Mig

langar að vera duglegri að sauma í staðinn fyrir að kaupa endalaust af fötum. Það sparar vinnu fyrir aðra og líka pening.“

Flækti og braut nálna

Þegar maður saumar sín eigin fót sjálfur þarf maður að hugsa flikurnar vandlega, það tekur sinn tíma að sauma þær og þar með er maður ekki bara að uppfylla augnabliks gleði með því að kaupa eitthvað tilbúið. „Svo líður manni svo vel þegar maður gengur í fötum sem maður saumaði sjálfur.

Maður sleppur þá líka við að kaupa fót úr framleiðslu þrælubúða úti í heimi.“

Við verkið notaði Karitas gamla saumavél í eigu móður sinnar sem er búin að vera til á heimilinu frá því Karitas man eftir sér. „Mér tókst reyndar bæði að brjóta nálna og flækja tvinnann en þetta hafðist.“

Slysaðist út í þetta

Förðunin verður svo að sjálfsgöðu að vera í stíl við fötin. „Það þarf allt að smella saman. Ég er mjög hrifin af þessum stóru, þungu augum sem eru einkennandi fyrir 60s, þegar augnlokkið er teiknað á. En það er erfitt að ná því vel. Það er eiginlega erfiðara en að gera „catelye“ með augnblyanti.“

Karitas farðar ekki bara sjálfa sig, hún hefur farðað fyrir bæði tónlistarmyndbönd og leikhús. „Ég farðaði fyrir tvö tónlistarmyndbönd eftir Bagdad brothers. Það voru myndböndin við Malar í kassanum og svo Brian Eno says: Quit your job. Svo farðaði ég Skoffin um daginn fyrir plötuna hans.“

Á meðan förðunin fyrir Malar í kassanum var frekar látlaus segir Karitas að hún hafi fengið að leika sér meira fyrir hitt myndbandið. „Ég setti gervibrúnku á strákana og skyggði allan líkamann á þeim, eitthvað sem ég hef aldrei gert áður.“ Stelpurnar voru svo með ýkta 9. áratugar förðun og túberað hár. „Ég fékk aðeins að klíkkast.“

Hefur gefið út þrjár bækur

Þegar kemur að hæfileikum Karitasar takmarkast þeir ekki við förðun og fataval. Hún hefur gefið út þrjár ljóðabækur og var að klára fyrsta árið sitt í Háskóla Íslands í grunnnámi í íslenskufraeði. Næst stefnir Karitas á að gefa út textasafn eftir sjálfa sig.

Í fjórðu bókinni verður til dæmis ljóð um endajaxl og annað um kisu. „Þetta verður kannski sundurlausasta bókin mín því það er ekkert þema í henni. Þetta er líka eina bókin sem er ekki skrifuð í ástarsorg,“ en fyrri bækur Karitasar innihalda ljóð sem eru afurðir tilfinningaflóða í kjölfar sambands-slita.

Stíllinn er enginn stíll

Ljóð Karitasar eru oftast óregluleg og stíllinn breytist ljóði frá ljóðs. Fæst ljóðin ríma en Karitas segist vera hrifin af endurtekningum og vísunum. „Stundum vísa ég alveg grimmt í sjálfa mig skammarlaust. En ég finn bara þann stíl sem mér finnst henta innihaldsefninu hverju sinni. Ef ég hef mikið að segja þá eru línurnar langar og mörg erindi, en ef ég hef lítið að segja þá er ljóðið kannski bara þrjár línur eða hæka.“

Því maetti segja að stíll Karitasar sé kannski að vera með engan sérstakan stíl. Sjálf tekur hún eftir að önnur ung ljóðskáld í dag fylgja kannski bara þrjár línur eða hæka. Karitas sá undantekningu á því þegar Jenný María Jóhannsdóttir las ljóð á ljóðakvöldi sem Karitas var sjálf að lesa á.

Það var á Eiðistorgi þar sem Jana Björg Þorvaldsdóttir heldur reglulega ljóðakvöld. Jenný las ljóðin sín sem eru í dróttkvæðum hætti.

„Það er stíllinn sem dróttkvæðin voru skrifuð í. Dróttkvæðahátturinn er mjög strangur og flókinn en hún gerði þetta mjög vel. Mér finnst æðislegt að hún hafi þorað þessu, sjálf myndi ég ekki treysta mér í það.“

Langri útgáfu af viðtalinu er að finna á frettabladid.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar til sölu



35" Toyota Land Cruiser 120 LX dísel, átta sæta. Ek. 155 þ.km nýsk. 06/05. Sjálfskiptur, topplúga, krókur, loftdæla, ný dekk, ný timareim, undirvagn yfirfarin. Verð. 3,2 m.kr staðgr. Uppl. 896 3143

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

Pípulagnarþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

SMÁVÉLAVIDGERÐIR



Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Getum bætt við okkur verkefnum í öllu viðhaldi innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinnna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

JLG
Til sölu og leigu JLG vinnulyftur
Nánari upplýsingar veitir Sigfús í síma 858 0400



JLG 6RS
Rafmagns, skæralyfta

Vinnuhæð:	7,79 m
Pállhæð:	5,79 m
Lengd:	2,07 m
Breidd:	0,81 m
Burðargæta:	230 kg
Þyngd:	1565 kg



www.htaekjaleigan.is

STIGA®



Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi B&S motor 625EXI, 2,27kW Tvískiptur hnífur, slær X-smátt 70 ltr.notendavænn graskassi Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is



Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16, Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

FAST
Ráðningar
www.fastradningar.is

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABÍL.

TIL LEIGU EDA SÖLU 50 m2 bil.

Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.

Lager eða geymsla.

Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLURTILLEIGU.IS

SÍMI: 414-3000

Gerðu verðsamanburð!

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Heimilisþrif is looking for people to work in home cleaning. Full time only. Working time 8-16. Driver's licence necessary. Call 557 8882 for further information

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EDA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



Peugeot 5008 Style 7 manna

Nýskráður 5/2016, ekinn 77 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.390.000

Afborgun kr. 30.619 á mánuði



Peugeot Partner Tepee Outdoor

Nýskráður 8/2016, ekinn 46 þús.km., dísel, beinskíptur.

Verð kr. 1.990.000

Afborgun kr. 25.521 á mánuði



Mazda 6

Nýskráður 4/2007, ekinn 174 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 590.000

Allt að 100% fjármögnun í boði



Honda CR-V Elegance

Nýskráður 10/2018, ekinn 3 þús.km., bensín, sjálfskiptur, sýningarbill frá umboðinu.

Verð kr. 5.390.000

Afborgun kr. 68.854 á mánuði



Honda Civic Sport Plus

Nýskráður 1/2019, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur, 183 hestöfl, sýningarbill frá umboðinu.

Ásett kr. 4.390.000

Tilboð kr. 3.990.000

Afborgun kr. 51.011 á mánuði

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bilakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Við mönnum stöðuna

Capacent_


Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

Pú finnur draumastarfið á Job.is



Kennsla



Heilbrigðisþjónusta

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Job.is



Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Íbúðarbyggð og blönduð byggð 2010-2030/2040

Endurmat á forgangsröðun og þéttleika uppbyggingar á grundvelli markmiða um breyttar ferðavenjur, uppbyggingu Borgarlínu og stefnu í loftslagsmálum.

Þann 20. júní 2019 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Með verklýsingunni er boðaðar umfangsmiklar breytingar á AR2010-2030, sem einkum varða stefnu um íbúðarbyggð, markmið í húsnæðismálum, þéttleika byggðar og forgangsröðun uppbyggingar.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr. 105/2006 um umhverfismat er verkefnislýsingin, ásamt matslýsingu, lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá reykjavik.is og adalskipulag.is). Óskað er eftir því að athugasemdir verði komið á framfæri á netfangið skipulag@reykjavik.is fyrir 12. ágúst 2019. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

EIGNAMIDLUN

GRENSÁSVEGUR 11

SÍMI 588 9090


LUNÐARBREKKA 8, 200 KÓPAVOGUR



OPÍÐ HÚS

99,0 fm 3 herb. íbúð á 2.hæð í nýlega viðgerðu og máluðu fjölbýli. Íbúðin hefur verið talsvert endurnýjuð m.a. eldhús, gólfefni, raflagnir og fl. Nýlegir gluggar á suðurhlíðinni. Fallegt útsýni. Sérinnngangur af svölum. V. 39,5 m.

Opíð hús fimmtudaginn 27. júní milli kl. 17:15 og 17:45
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarin@eignamidlun.is



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is



Gúmmíbelti

- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Göngubraut: 69.500,-

Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.



Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Snyrti & Nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 - 210 Gardabæ

- ▶ Andlitsbað, litun og plokkun
- ▶ Tilboð 9.500,-
- ▶ Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímáttanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is